Steinblóð og skyndilifur

Jakob Benediktsson

Veturinn 1972—73 ræddi ég nokkuð um sláturgerð í þáttum orðabókarmanna um íslenskt mál í Ríkisútvarpinu. Hlustendur brugðust vel við að venju og sendu okkur margt orða um þetta efni; mörg þeirra eru nú fátíð og sum lutu að aðferðum við matargerð sem nú eru löngu af lagðar. Ein slík aðferð verður rædd hér lítillega, ekki síst af því að hún á sér hliðstæðu í Færeyjum, eins og síðar verður vikið að, en fyrst skal gerð grein fyrir þeirri vitneskju sem fékkst frá hlustendum.

Sú matargerð sem hér er átt við var meðferð á blóði úr slátruðum skepnum. Í stuttu máli sagt var hún á þá leið að ekki var hrært í blóðinu þegar slátrað var, heldur var það látið storkna; ekkert mjöl var sett í blóðið. Síðan var storknaða blóðið skorið í stykki, hleypt upp á því suðu og geymt í súr til manneldis. Heimildarmönnum ber ekki saman um hvort mör hafi verið látinn í blóðið; sumir telja að svo hafi verið, aðrir ekki, og enn aðrir segja hvorki af né á um það hvort mör hafi verið notaður. Í öðrum meginatriðum ber heimildarmönnum saman, enda þótt lýsingar þeirra séu misjafnlega ýtarlegar.

Um þessa matargerð fengum við eftirtalin heiti:

1. *Steinblóð.* Um þetta orð fengum við dæmi af Suðurlandi, frá Vestur-Skaftafellssýslu út í Árnessýslu. Tvær lýsingar skulu tilfærðar sem dæmi. Kona fædd 1906 í Skaftártungu (VSkaft.) segist hafa heyrt um að steinblóð hafi verið gert fyrir sitt minni:

»Þegar skepnan var skorin, var ekki hrært í blóðinu og það látið storkna þannig. Þá var hleypt upp á því suðu. Mör ekki notaður, súrsað.«

Hún bætir því við að haustið 1918, þegar Katla gaus, hafi óvenju mörgu fé verið lógað, og þá hafi á heimili hennar verið gert steinblóð með þessum hætti, en ekki notað til manneldis, heldur sem skepnufóður.

Kona úr Rangárvallasýslu (fædd 1896) hefur þessa frásögn eftir móður sinni úr æsku hennar (líklega kringum 1870—80):

»Við áttum ekkert mjöl í blóðið, og ekki um annað að ræða en að brytja mörinn og hræra honum saman við blóðið, láta það svo í iðrin og sjóða það vel. Þessi matur hét steinblóð.«

Þess ber að gæta við frásögn skaftfellsku konunnar að eðlilegt var að ekki væri notaður mör í steinblóðið þegar það var ætlað til skepnufóðurs, en ekki er víst að svo hafi verið þegar það var ætlað til manneldis. — Því skal við bætt að einn hlustandi úr Vestur-Skaftafellsýslu lét þess getið að steinblóð hefði líka verið kallað *aðhleypt blóð,* sem bendir til þess að aðeins hafi verið hleypt upp á því suðu, eins og skaftfellska konan sagði.

Úr eldri heimildum þekkjum við aðeins dæmi um orðið steinblóð úr orðabók Blöndals, en þar stendur þessi skýring: »1. størknet Blod fra slagtede Kreaturer. 2. Blodpølse uden Fedt (Árn.)«. Fyrri merkingin er bersýnilega sú sama sem um var rætt hér á undan; hinsvegar er skýringin ófullnægjandi af því að í hana vantar að steinblóðið hafi verið notað til manneldis. Ekki verður séð hvaðan Sigfús Blöndal fékk orðið, nema ef vera skyldi að »(Árn.)« eigi við báðar merkingarnar. Orðið er ekki í seðlasafni Blöndals, og er því komið inn í próförk frá einhverjum samstarfsmanni hans. Síðari merkingin, 'mörlaust blóð', er ennþá lifandi í Árnessýslu; um hana fengum við nokkur dæmi þaðan og eitt að auki úr Rangárvallasýslu. En allar líkur eru á því að sú merking sé síðar til komin.

2. *Augnablóð* eða *augnblóð.* Í orðabók Blöndals (Tillæg, bls. 1010) er tilfært orðið *augnablóð* með skýringunni: »(storkið stórgripablóð) Ret, lavet af størknet (Okse)blod, saal. kaldt fordi den har »Øjne« (VSkaft.)«. Sama orð fengum við úr Mýrdal (VSkaft.) með þessari skýringu:

»blóð sem var hleypt án þess að mjöl væri látið í það, síðan soðið og látið í súr; í það komu eins og augu, þaðan nafnið«.

Enn fengum við myndina *augnblóð* úr Berufirði með næstum því

samhljóða skýringu. — Með 'augum' er þarna vafalaust átt við loftbólur eða holur sem koma í ljós þegar augnablóðið var skorið sundur.

3. *Skyndilifur.* Um þetta orð fengum við fáein dæmi úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og eitt úr Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu. Merkingin er sú sama og í áðurgreindum orðum, og allir heimildarmennirnir telja að þessi matargerð hafi verið viðhöfð áður fyrr, en hafa ekki sjálfir séð hana. Gömul kona ættuð af Mýrum segir svo frá:

»Þegar ekkert mjöl var til, var blóði stundum hellt í kepp, látið storkna þar og síðan hleypt upp á því suðu. Þetta var kallað skyndilifur«.

Þingeyski heimildarmaðurinn hefur því við að bæta að hann ætli að brytjaður mör hafi verið látinn í blóðið. Enginn heimildarmanna okkar gerir neina tilraun til þess að skýra orðið skyndilifur; vafalaust má þó telja að það sé myndað í líkingu við *blóðlifur* (*-lifrar*), og merkingin því upphaflega 'blóð sem storknar skyndilega'.

Um þetta orð eru hinsvegar kunn eldri dæmi. Í orðasafni Hallgríms Schevings frá fyrri helmingi 19. aldar segir svo:

»*Skyndi-lifr,* blóð er hleypr saman af því að ekki er í því hrært. V(estan) M(ál).«

Úr safni Schevings er orðið komið í orðabók Blöndals; hér vantar enn í skýringuna að skyndilifur hafi verið notuð til manneldis. 'Vestanmál' hjá Scheving merkir venjulega að orðið sé komið af svæðinu frá Snæfellsnesi til Vestfjarða. En um fram þetta hefur Orðabók Háskólans tvö dæmi um orðið skyndilifur úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar, bæði komin úr sögum sem skrásettar eru á Fljótsdalshéraði. Í báðum dæmum er rætt um slátrun á nautgripum. Annar staðurinn er svohljóðandi:

»Það var siður í gamla daga að gjöra svokallaða skyndilifur þegar nautgripir voru skornir. Einu sinni í Mýnesi í Eiðaþinghá var skorin kvíga, en þá var ekki vant að hræra í blóðinu, heldur látið storkna og soðið svo í stykkjum«.[1])

---

[1]) Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* IV (Reykjavík 1956), 28.

Í hinu dæminu er frásögnin ekki eins skilmerkileg, aðeins sagt að menn hlupu inn »að búa skyndilifrina til»[2]). Enginn vafi er þó á því að um sama fyrirbæri er að ræða. Bæði þessi dæmi munu í síðasta lagi vera skrásett á árunum 1860—70, en hvorugur skrásetjarinn telur ástæðu til að útskýra orðið frekar, svo að ætla má að það hafi verið þeim vel kunnugt.

Af þessum dæmum má ráða að þessi matargerð úr blóði hafi verið tíðkuð víða um land, að minnsta kosti fram yfir miðja 19. öld. Hvorttveggja er að dæmin eru dreifð um mestan hluta landsins og að heitin eru misjöfn, steinblóð og augn(a)blóð um Suður- og Suðausturland, skyndilifur austan lands og vestan. Síðasttalda orðið má rekja aftur á fyrri hluta 19. aldar, en sjálf matargerðin er vafalaust miklu eldri, hvað sem heitunum líður.

Því til stuðnings má benda á hliðstæðu úr Færeyjum. Sama árið og fyrirspurnir okkar um sláturgerð hófust kom þar út bókin *Vambarkonan* eftir Robert Joensen (Klaksvík 1972). Þar stendur eftirfarandi (bls. 41):

»Tá ið seyður var svævdur og sveitin skuldi verða doyi, so rørdu tey ikki í svævingarílatinum, fyri at sveitin skuldi loypa saman. Ein sveiti fór í hvørt ílat, tá teir svævdu. Dagin eftir varð sveitin doyddur. Tað var gjørt á tann hátt, at tey koyrdu sveitan í ein pott við vatni og hongdu hann yvir eldin. Potturin mátti ikki koma heilt upp á kók, tí annars fór sveitin sundur; men hann skuldi koma undir kók. . . . .Tá ið liðugt var at doya, bleiv sveitin lagdur í hjallin at hava til at taka«.

Hér er bersýnilega um sömu aðferð að ræða og í íslensku dæmunum sem að framan voru rakin. Blóðið er látið storkna án þess að hrært sé í því; þegar sagt er í íslensku dæmunum að síðan sé »hleypt upp á því suðu«, svarar það til þess að í Færeyjum mátti potturinn »ikki koma upp á kók«. Eini munurinn er varðveislan: á Íslandi var blóðið geymt í súr, í Færeyjum í hjalli.

Söguna skrásetti Sigmundur M. Long (1841—1924). Hann safnaði þjóðsagnaefni á árunum 1862—65, sjá *Íslenzk fornkvæði. Islandske folkeviser.* VI. Udg. af Jón Helgason (Ed. Arnam. Ser. B 15, Kbh. 1968), bls. LIII.

[2]) Sama rit, III (Reykjavík 1955), 369. Söguna skrásetti Sigfús Sigfússon á Skjörgrastöðum á Fljótsdalshéraði.

Hjá því getur naumast farið að þessi aðferð eigi sér sama uppruna á Færeyjum og á Íslandi, þ. e. að hún hafi verið tíðkuð í báðum löndum allt frá landnámsöld. Í báðum löndum var lítið um korn, svo að naumast hefur þess verið kostur að blanda mjöli í blóð að nokkru marki til þess að búa til blóðmör. Við höfum engar beinar heimildir um það hvenær farið var að búa til blóðmör með mjöli á Íslandi. Sjálft orðið *blóðmör* bendir frekar til þess að þar hafi upphaflega ekki verið notað mjöl. Í orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík (AM 433 fol.) er orðið skýrt svo (undir *mör*): »obsonium e sangvine et adipe« (réttur úr blóði og mör), en undir sjálfu orðinu: »farciminis genus sangvine refertum« (eins konar pylsa fyllt með blóði). Þessar skýringar benda ekki til þess að mjöl hafi verið notað, enda vitað að mjöl var oft af skornum skammti á Íslandi allt fram á 19. öld.

Nú er orðið *blóðmör* gamalt í vesturnorrænu, kemur fyrir sem auknefni í Noregi 1306 og 1461[3]); úr íslenskum heimildum þekkist það ekki fyrr en á fyrri hluta 17. aldar; í færeysku kemur það fyrir í orðabók Svabos (*Bløbmørur*), en þar er líka tilfært *at doja Svajta*[4]). Því mætti ef til vill giska á að blóðmör hefði upphaflega verið notað um þá matartegund sem hér hefur verið rætt um, en þegar farið var að blanda mjöli í blóðið hafi myndast þörf á nýju heiti á gömlu aðferðinni. Með því móti yrði og skiljanlegra að heitin urðu fleiri en eitt á Íslandi og skiptust þar eftir landshlutum.

SUMMARY

In the article are discussed some modern Icelandic terms for a now obsolete method of preparing food from the blood of slaughtered animals. The blood was not mixed with meal but at least sometimes with tallow; it was allowed to coagulate, cut into pieces and brought to boil. This method was in use until late in the 19th century. The Icelandic terms for this are *steinblóð, augn(a)blóð* and *skyndilifur*; their meaning and local distribution is discussed. A parallel method is known in the Faroes (*at doya sveita*); this fact seems to indicate

[3]) E. H. Lind, *Norsk-isländska personbinamn från medeltiden* (Uppsala 1920—21), 31.

[4]) J. C. Svabo, *Dictionarium Færoense* (Kbh. 1966), 75 og 126.

that the method is very old in both countries, probably from the age of settlement. It is suggested that the word *blóðmör* ('blood-tallow'), still in use for black pudding in Icelandic and Faroese, is the original term, but after it became common to mix the blood with meal it was still called *blóðmör*, while other terms were coined for the old method.